



Frá framkvæmdanefnd um einkavæðingu

Reykjavík,
5. júlí 2002

Fréttatilkynning

Undanfarin misseri hefur verið unnið að því markmiði ríkisstjórnarinnar að selja hlut ríkisins í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Stefnt hefur verið að því að sölu þeirra ljúki á yfirstandandi kjörtímabili. Í júní 2001 var ákveðið í samráði við HSBC-bankann í London að leita að kjölfestufjársfesti í Landsbankanum á grundvelli tiltekinna viðmiðana. Í þessum áfanga var einkum leitað að erlendu fjármálafyrirtæki sem áhuga hefði á að gerast kjölfestufjársfestir í Landsbankanum. Sú leit bar ekki árangur og því var í desember 2001 tilkynnt um frestun á sölukynningu til kjölfestufjársfestis í bankanum. Að mati sérfræðinga hafa markaðsaðstæður erlendis ekki breyst frá þeim tíma.

Eignarhlutur ríkisins í bönkunum tveimur hefur lækkað í markvissum skrefum að undanfögnu, nú síðast með sameiningu Búnaðarbankans og Gildingar hf. og sölu á 20% hlut í Landsbankanum í gegnum viðskiptakerfi Verðbréfaþings Íslands. Eignarhlutur ríkisins í Búnaðarbankanum er nú um 55% en í Landsbankanum rúm 48%.

Unnið hefur verið að því að selja það sem ríkið á eftir í Landsbankanum og Búnaðarbankanum um viðskiptakerfi Kauphallar Íslands. Jafnframt hefur þeirri leið verið haldið opinni í báðum bönkunum að selja umtalsverðan hlut til eins aðila eða kjölfestufjársfestis, hvorutveggja með það að markmiði að hagsmunir bankans, starfsmanna hans og viðskiptamanna verði sem best tryggðir.

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu hefur svo sem kunnugt er borist bréf frá Björgólfi Thor Björgólfssyni, Magnúsi Þorsteinssyni og Björgólfi Guðmundssyni, þar sem óskað er eftir viðræðum við ríkissjóð um kaup á umtalsverðum hlut þess í Landsbanka Íslands hf. Um formlegt kauptilboð af þeirra hálfu er ekki að ræða.

Ráðherranefnd um einkavæðingu hefur ákveðið að fela framkvæmdanefnd um einkavæðingu að taka upp könnunarviðræður við þremmenningana um hugmyndir þeirra í framangreindu efni.

Í beinum viðræðum við fjárfesta um kaup á eignarhlut ríkisins í bönkunum verður að gæta að jafnræði aðila. Slíkar viðræður verða því ekki teknar upp án þess að öðrum fjárfestum verði jafnframt gefinn kostur á þátttöku í þess háttar ferli. Þetta hefur þremmenningunum verið kynnt með bréfi framkvæmdanefndar um einkavæðingu í dag. Því hefur verið ákveðið að birta auglýsingu þar sem öðrum sem áhuga kynnu að hafa á kaupum verður gefinn kostur á að gefa slíkt til kynna innan tiltekins tíma.

Með því að taka upp könnunarviðræður við ofangreinda aðila er ríkisstjórnin að framfylgja þeirri stefnu að leita að kjölfestufjársfestum í bönkunum, það er fjárfestum sem vilja eiga umtalsverðan hlut í bönkunum til lengri tíma og hafa möguleika á að veita bönkunum framtíðar sóknarfæri og góða arðsemi.

Reykjavík, 5. júlí 2002.
Framkvæmdanefnd um einkavæðingu

